

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Háskólinn í Reykjavík – Nauthólsvegur 87.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 13. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 87 við Nauthólsveg, lóð C í gildandi deiliskipulagi. Í breytingunni felst að heimilt verður að setja 15 kennslugáma tímabundið á lóð þ.e. til 15. júní 2021. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Frakkastígur – Skúlagata.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. desember 2020, breytingu á deiliskipulagi fyrir Frakkastíg – Skúlagötu vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar við Frakkastíg 1. Um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi og með þessari breytingu fellur því úr gildi eldra skipulag sem var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur þann 7. júní 2018. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 1. febrúar 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2021